

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 9. desember 2024 kl. 15.00

Mættir: Sveinn Júlíus Sveinsson fulltrúi foreldrar, Elfar Þór Bragason fulltrúi foreldrar, Jón H. Sigurmundsson fulltrúi grenndarsamfélags, Eva Káradóttir kennari, Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir fulltrúi nemenda 10.bekk, Annalísa Ósk Rodriguez fulltrúi nemenda í 10.bekk, Guðrún Olga Garðarsdóttir, fulltrúi nemenda í 9. bekk, Karina Murszewska fulltrúi nemenda í 9.bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Garðar Geirfinnsson aðstoðarskólastjóri. Hrönn Guðfinnsdóttir fulltrúi kennara og Sigrún Huld Pálmarsdóttir fulltrúi starfsmanna voru fjarverandi.

Skólastjóri bauð alla velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Ólína setti fund og kynnti dagskrá.
2. Velferð barna.
 - Ólína kynnti skipulag stoðþjónustu skólans. Meðal annars þá þjónustu sem skólinn veitir og einnig sérfræðinga frá skóla- og velferðarþjónustu auk skólaheilsugæslu.
 - Almenn umræða um þennan þátt og hlutverk þeirra sérfræðinga sem starfa- við og með skólanum.
 - Einnig rætt um fjölda nemenda per kennara.
3. Niðurstöður skólapúls september 2024.
 - Ólína fór yfir niðurstöður skólapúlsins. Um er að ræða fyrsta hluta könnunar fyrir nemendur í 6. -10. bekk og könnun skólaársins fyrir 2. – 5. bekk.
 - Almenn umræða um niðurstöður.
4. Símareglur.
 - Ólína fór yfir nýjar símareglur. Nemendur í skólaráði tjáðu sig um breytinguna.
 - Rætt um hversu vel þessi innleiðing hefur tekist.
5. Önnur Mál.
 - Fulltrúar nemendaráðs sögðu frá hugmyndum sem ungmennaráð fékk frá nemendum skólans um úrbætur fyrir unglínga í Þorlákshöfn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10
Garðar Geirfinnsson, fundarritari